

Ráðhús Akureyrarbæjar
b/t Skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 05.11.2021

Efni:

Umsókn, fyrir hönd lóðarhafa, um deiliskipulagsbreytingu fyrir Hofsbót 2, Akureyri

Forsendur

Miðbær Akureyrar einkennist af tiltölulega þéttri byggð sem einkennist gjarnan af samfelldum húsaröðum (3-6 hæða). Í miðbænum er að finna óbyggðar lóðir sem bjóða uppá uppbyggingu til þess að styrkja einstaka götulínu og bæjarmyndina í heild sinni.

Í miðbænum er að finna blandaða landnotkun verslunar, þjónustu og íbúðarbyggðar. Í núverandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir fjölgun íbúða og auknu atvinnuhúsnæði, þannig að stuðlað verði að fjölbreyttu og blönduðu samfélagi íbúa og atvinnustarfsemi. Rými sem þjóna bæði fyrirtækjum og almenningi munu ýta undir stofnun nýrra vinnustaða og þjónustu, fyrir alla bæjarbúa og gesti.

Tillaga

Verið er að skoða uppbyggingu á horni Strandgötu og Hofsbótar sem lið í að styrkja og loka götumyndinni. Áætlað er að verslun og þjónusta verði á fyrstu hæð hússins og íbúðir á hæðunum fyrir ofan.

Nýja Bíó, á Strandgötu 4 er staðsett við hlið byggarreitsins og er ytra byrði þess friðað. Nýbyggingin mun halla sér frá Strandgötu 4 og útlit hennar samsvara sér með tilliti til hlutfalla Nýja Bíós.

Fyrirhuguð er 5 hæða bygging, með fjórðu og fimmtu hæðina inndregna, í þrepum. Hlutföll fyrstu þriggja hæðanna taka tillit til byggingana sitthvorumegin við Hofsbót 2, þ.e.a.s. Hofsbót 4 og Strandgata 4 (Nýja Bíó). Ákveðið samtal á sér stað þarna á milli sem gefur ró á götumyndina.

Samkvæmt deiliskipulaginu skal draga 4 hæðina inn, Hofsbótarmegin. Þessu verður fylgt eftir og einnig Strandgötumegin, af virðingu við Nýja Bíó. Einnig hefur verið bætt við fimmtu hæðinni og dregið hana enn fremur inn sem eykur byggingamagn um sirka 150m².


Byggingin er hornhús og myndar ásamt byggingunum á móti, Strandgata 3, ákveðinn inngang í miðbæinn og að Ráðhústorgi. Strandgata 3 er sjö hæðir. Einnig er gert ráð fyrir að á byggingareit fyrir

Hofsbót 1 verði 5 hæðir + bílakjallari. Með vísan í þetta þá myndi Hofsbót 2 samsvara sér vel í þessu samhengi með vægri fimmtu hæð.

Suðvestan megin, eða bakatil á byggingareitnum er óskað eftir því að fara skáhallt útfyrir byggareit og mæta Hofsbót 4. Þetta er gert til að minnka innsýn, auka næði og aðskilja byggingarnar á sómasamlegan hátt. Þetta á við um 1.-3. hæð hússins og þetta útskot breytist síðan í svalir á 4 hæð. (sjá skýringarmynd að neðan)

Í fylgigögnum eru kynntar tvær tillögur A og B, sem eru eins að öllu leyti nema í efnis- og litavali.

Vonum að þið takið jákvætt í þessa fyrirspun um breytingar og aðlögun á deiliskipulaginu fyrir Hofsbót 2.



Virðingarfyllst,

Ásgeir Ásgeirsson
Arkitekt MAA

Fylgiskjöl:
Hofsbót 2_kynning_Tark.pdf